



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

26. nóvember 2024

Mál nr. E-381/2024:
Stefnendur: Georg Helgi Magnússon,
Sigurður Gunnar Magnússon
(Guðrún Sólveig Sigríðardóttir lögmaður)

Stefndu: Óli Knöttur Ásgeirsson
Ásgeir Sæmundsson
Guðmundur Elías Sæmundsson
Arna Björk Sæmundsdóttir
Guðbrandur Guðmundsson
Sigurrós Erlingsdóttir
Pröstur Guðmundsson
Sigríður Ólafsdóttir

Svanur Ingvason
Gerður Salóme Ólafsdóttir
Áslaug Helga Ólafsdóttir
Arndís Erla Ólafsdóttir
Eyjólfur Jónas Ólafsson
Lilja Björk Ólafsdóttir
Ólöf Ólafsdóttir
Bragi Hilmarsson
Arnar Hilmarsson
Guðjón Hilmarsson
Helga Hilmarsdóttir
Arndís Hilmarsdóttir
Smári Hjaltason
Kristín Guðrún Ólafsdóttir
Sævar Hjaltason
Viðar Þór Ólafsson
Erna Kristín Hjaltadóttir
Bára Hjaltadóttir
Guðmundur Sigurðsson
Arndís Jósefsdóttir
Ólafur Guðmundur Jósefsson
Arnór Guðbrandur Jósefsson
Reynir Jósefsson
Ólöf Heiða Hilmarsdóttir
(*Halldór Jónsson lögmaður*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 2024 í máli nr. E-381/2024:

Georg Helgi Magnússon og

Sigurður Gunnar Magnússon

(Guðrún Sólveig Sigríðardóttir lögmaður)

gegn

Óla Knetti Ásgeirssyni,

Ásgeiri Sæmundssyni,

Guðmundi Elíasi Sæmundssyni,

Örnu Björk Sæmundsdóttur,

Guðbrandi Guðmundssyni,

Sigurrós Erlingsdóttur,

Presti Guðmundssyni,

Sigríði Ólafsdóttur,

Svani Ingvasonni,

Salóme Ólafsdóttur,

Áslaugu Helgu Ólafsdóttur,

Arndísi Erlu Ólafsdóttur,

Eyjólfi Jónasi Ólafssyni,

Lilju Björk Ólafsdóttur,

Ólöfu Ólafsdóttur,

Braga Hilmarssyni,

Arnari Hilmarssyni,

Guðjóni Hilmarssyni,

Helgu Hilmarsdóttur,

Arndísi Hilmarsdóttur,

Smára Hjaltasyni,

Kristínu Guðrínu Ólafsdóttur,

Sævari Hjaltasyni,

Viðari Þór Ólafssyni,

Ernu Kristínu Hjaltadóttur,

Báru Hjaltadóttur,

Guðmundi Sigurðssyni,

Arndísi Jósefsdóttur,
Ólafi Guðmundi Jósefssyni,
Arnóri Guðbrandi Jósefssyni,
Reyni Jófsefssyni og
Ólöfu Heiðu Hilmarsdóttur
(Halldór Jónsson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 30. október 2024, var höfðað með stefnu sem birt var stefndu dagana 28. desember 2023 og 3., 4., 5., 8., 9., 10., 13. og 16. janúar 2024.

Stefnendur eru Georg Helgi Magnússon, [...], og Sigurður Gunnar Magnússon, [...].

Stefndu eru Óli Knöttur Ásgeirsson, [...], Ásgeir Sæmundson, [...], Guðmundur Elías Sæmundsson, [...], Arna Björk Sæmundsdóttir, [...], Guðbrandur Guðmundsson, [...], Sigurrós Erlingsdóttir, [...], Þröstur Guðmundsson, [...], Sigríður Ólafsdóttir, [...], Svanur Ingvason, [...], Gerður Salóme Ólafsdóttir, [...], Áslaug Helga Ólafsdóttir, [...], Arndís Erla Ólafsdóttir, [...], Eyjólfur Jónas Ólafsson, [...], Lilja Björk Ólafsdóttir, [...], Ólöf Ólafsdóttir, [...], Bragi Hilmarsson, [...], Arnar Hilmarsson, [...], Guðjón Hilmarsson, [...], Helga Hilmarsdóttir, [...], Arndís Hilmarsdóttir, [...], Smári Hjaltasson, [...], Kristín Guðrún Ólafsdóttir, [...], Sævar Hjaltason, [...], Viðar Þór Ólafsson, [...], Erna Kristín Hjaltadóttir, [...], Bára Hjaltadóttir, [...], Guðmundur Sigurðsson, [...], Arndís Jósefsdóttir, [...], Ólafur Guðmundur Jósefsson, [...], Arnór Guðbrandur Jósefsson, [...], Reynir Jófsefsson, [...], og Ólöf Heiða Hilmarsdóttir, [...].

Stefnandinn Georg Helgi Magnússon krefst þess að viðurkennt verði að hann eigi, sem eigandi að 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, landeignanúmer L137579 og fasteignanúmer F2117035, veiðirétt fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá í sama hlutfalli.

Stefnandinn Sigurður Gunnar Magnússon krefst þess að viðurkennt verði að hann eigi, sem eigandi að 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, landeignanúmer L137579 og fasteignanúmer F2117035, veiðirétt fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá í sama hlutfalli.

Jafnframt krefjast stefnendur, hvor um sig, málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefnenda.

I

Málsatvik eru að meginstefnu ágreiningslaus. Stefnendur eru bræður. Þeir eiga hvor um sig 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi í Dalabyggð. Jörðina eiga þeir í óskiptri sameign með stefndu. Ágreiningur málsaðila varðar umfang veiðiréttar stefnenda fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá.

Forsaga málsins er sú að Guðbrandur Guðmundsson, fæddur 5. apríl 1887, átti jörðina Lækjarskóg að öllu leyti. Árið 1960 seldi hann syni sínum, Magnúsi Guðbrandssyni, sem var faðir stefnenda, hálfra jörðina. Fram kemur í afsali, dags. 3. október 1960, að veiðiréttindi séu undanskilin kaupunum. Nokkru áður hafði Guðbrandur byggt Magnúsi syni sínum jörðina, sbr. byggingarbréf, dags. 11. júní 1955. Í byggingarbréfinu kom fram að jörðin væri leigð án kúgilda og að veiðiréttur í Haukadalsá fyrir landi jarðarinnar væri „undantekinn“. Eins og nánar er rakið hér á eftir byggja stefnendur á því að ákvæði fyrrgreinds afsals um aðskilnað veiðiréttarins frá umræddum 50% eignarhlut í jörðinni hafi verið ólöglegt.

Guðbrandur gaf út yfirlýsingu, dags. 20. apríl 1968, til staðfestingar á því að Magnús hefði greitt kaupverð ásamt vöxtum vegna kaupa á „hálfri fasteigninni (að undanskildum veiðiréttidum) Lækjarskógur í Laxárdalshreppi“. Var yfirlýsingunni síðan þinglýst 22. október 1968.

Stefnendur erfðu hlut föður síns í jörðinni. Að auki erfðu stefnendur hvor um sig 1/21 hluta í hinum 50% eignarhlut jarðarinnar eftir afa sinn, Guðbrand Guðmundsson, við andlát hans 7. febrúar 1978. Þessum eignarhlut fylgdu veiðiréttindi jarðarinnar í ám og vötnum. Bróðir stefnenda, Jón Heiðar Magnússon, erfði einnig 1/21 hluta í helmingi jarðarinnar eftir Guðbrand Guðmundsson, afa sinn, en við andlát Jóns 14. júní 1984 gekk sá hluti til stefnenda og móður þeirra, Sigurbjargar Lilju Kristinsdóttur, á þann veg að móðir þeirra bræðra erfði 50% eignarhlutarins en stefnendur erfðu hvor um sig 25%. Þegar Sigurbjörg lést 31. ágúst 1998 gekk hlutur hennar til stefnenda og skiptist til helminga milli þeirra. Við það urðu stefnendur, hvor um sig, eigendur að 1/14 hluta í 50% eignarhlut jarðarinnar Lækjarskógar, þ.e. þeim hluta sem ekki hafði verið afsalað til föður þeirra árið 1960, eða um 3,6% í heildarjörðinni, ásamt tilheyrandi veiðirétti. Í dag eru stefnendur því hvor um sig eigendur að samtals 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi samkvæmt fasteignayfirliti jarðarinnar.

Eftir að Guðbrandur Guðmundsson lést 7. febrúar 1978 var bú hans tekið til einkaskipta, sbr. skiptayfirlýsingu, dags. 21. mars 1978. Börn Guðbrands sem voru á lífi, en annars barnabörn hans, nutu þá erfðaréttar eftir hann. Eignum sem ráðstafað var í skiptum var lýst svo í skiptayfirlýsingunni að nánar tilgreindir erfingjar, þar á meðal stefnendur, yrðu eigendur að fasteign búsins, sem væri „hálf jörðin Lækjarskógur í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, þó án ræktunar eða mannvirkja, svo og öll hlunnindi

jarðarinnar, þ.e. veiðiréttur í ám og vötnum, eða sem hér segir“ og var mælt fyrir um að erfingjarnir eignuðust landshlutann og hlunnindin í óskiptri sameign, en í hlutföllum sem síðan voru nánar tilgreind. Undir þessa skiptayfirlýsingu rituðu erfingjarnir, þar á meðal stefnendur.

Samkvæmt arðskrá fyrir Veiðifélag Haukadalsár, dags. 29. nóvember 2011 og birtri í B-deild Stjórnartíðinda 14. desember 2011, á jörðin Lækjarskógur 15,82% af veiðirétti í Haukadalsá. Hafa sameigendur jarðarinnar notið arðs af ánni í samræmi við þann eignarhlut, en þeim arði hefur verið skipt á milli sameigenda í nánar tilgreindum hlutföllum. Sem fyrr segir eiga stefnendur hvor um sig 28,58% eignarhlut í jörðinni. Þeir hafa þó fengið greiddan arð sem svarar til 7,1429% eignarhlutar hvors þeirra um sig, en í þeim efnunum hefur verið miðað við tilgreiningu á skráðum eignarhlut þeirra í lax- og silungsveiðiréttindum jarðarinnar samkvæmt fasteignaskrá. Stefnendur vefengja þá skráningu og vísa meðal annars til þess að í fasteignabók hjá sýslumanni hafi verið færð inn ódagsett athugasemd um að hlutföll veiðiréttinda Lækjarskógs yrðu afmáð úr þinglýsingabókum þar sem þau væru ranglega skráð í bókina og ættu sér ekki stöð í fyrirliggjandi skjölum. Stefnendur hafa á hinn bóginn lagt fram afsal til handa stefnda Eyjólfí Jónasi Ólafssyni, dags. 23. október 2021, sem þinglýst var án athugasemda 8. nóvember 2021 þar sem miðað var við mismunandi hlutföll eignarhlutdeildar í jörðinni annars vegar og veiðiréttarins hins vegar. Stefnendur hafa auk þess lagt fram í málinu þinglýsingarvottorð, dags. 30. maí 2008, sem einnig er til marks um slík mismunandi hlutföll.

Í þinghaldi 30. október 2024 var bókað eftir lögmonnum að ágreiningslaust væri í málinu að umræddri jörð hefði ekki verið skipt upp, þ.e. að um væri að ræða eina jörð sem væri í óskiptri sameign málsaðila.

Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnendur byggja á því að aðskilnaður veiðiréttarins frá 50% eignarhlut í jörðinni við afsal Guðbrands Guðmundssonar til föður þeirra hafi bersýnilega verið ólögmatgur þar sem hann hafi farið í bága við þágildandi 4. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði, sbr. nú 8. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, svo og aðskilnaðarbann þágildandi 4. og 5. mgr. 2. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 9. gr. laga nr. 61/2006. Þannig séu stefnendur nú hvor um sig eigendur að 28,58% af veiðirétti þeim sem tilheyri Lækjarskógi í samræmi við eignarhlut þeirra í jörðinni sjálfri.

Allt frá gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 árið 1924 hafi verið í gildi ákvæði um jafnan rétt þeirra sem land eiga í óskiptri sameign til veiða fyrir því landi. Ákvæðið hafi komið inn í lög nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði og síðar inn í lög sama efnis nr. 112/1941. Ákvæðið hafi svo komið inn í lög nr. 53/1957 en þau hafi verið í gildi þegar

faðir stefnenda hafi eignast 50% eignarhlut í Lækjarskógi árið 1960. Í ákvæðinu, sem þá hafi verið í 4. gr. laganna, hafi sagt að væri landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign þá væri sameigendum öllum veiði jafnheimil. Þá hafi í ákvæðinu verið kveðið á um rétt sameigenda til að krefjast skipta á veiðinni „að tiltölu við eignarhluta“, en eigi skyldu skipti þó standa lengur en fimm ár um sinn. Ákvæðið mæli fyrir um að þeir sem eigi land í óskiptri sameign skuli allir eiga rétt til veiða fyrir því landi. Skipting arðs vegna veiðiréttarins fari þá eðli máls samkvæmt eftir eignarhlutföllum sameigenda. Efnislega sama ákvæði sé í 8. gr. nágildandi laga nr. 61/2006.

Í kjölfar afsals á 50% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi árið 1960 hafi jörðin verið í óskiptri sameign þeirra Magnúsar Guðbrandssonar, föður stefnenda, og Guðbrands föður hans, þ.e. afa stefnenda. Fyrir liggir að engin formleg skipti hafi farið fram á veiðirétti jarðarinnar í samræmi við fyrirmæli ákvæðis 4. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957, né heldur hafi skipti farið fram á veiðiréttindunum með öðrum lögumætum hætti. Það sé því hafið yfir allan vafa að ákvæðið í afsalinu frá 3. október 1960, sem hafi kveðið á um að veiðiréttindi fylgdu ekki með við afsalið, hafi farið gegn óundanþægri reglu þágildandi laga nr. 53/1957, um jafnan veiðirétt þeirra sem eiga land í óskiptri sameign. Umrætt ákvæði afsalsins hafi því ekkert gildi haft að lögum. Fyrir liggir dómur Hæstaréttar um að ákvæði í kaupsamningi eða afsali geti ekki haft gildi samkvæmt efni sínu ef þau fara gegn óundanþægum ákvæðum lax- og silungsveiðilaga, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 3. mars 2016 í máli nr. 530/2015. Meginmáli skipti þó dómur Hæstaréttar frá 30. mars 2017 í máli nr. 566/2016. Af honum verði ráðið að fasteignareigandi, sem á fasteign eða veiðirétt í óskiptri sameign, geti ekki afsalað sér þeim rétti sínum nema sameignarfyrirkomulaginu hafi verið slitið með þeim hætti sem lög áskilji, til dæmis með landskiptum eða með því að sameigendur allir skipti sameigninni með þeim hætti sem ráðgert sé í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 61/2006, sbr. efnislega samhljóða ákvæði í þágildandi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957. Af forsendum dómsins leiði að fyrirkomulag veiðiréttar sem sé í andstöðu við umrædda reglu, um jafnan veiðirétt þeirra sem fasteign eigi í óskiptri sameign, sé í ólögumætu horfi og því að vettugi virðandi.

Samkvæmt þessu sé ljóst að 50% af veiðirétti jarðarinnar Lækjarskógar hafi verið afsalað til Magnúsar Guðbrandssonar, föður stefnenda, með umræddu afsali 3. október 1960. Ekki hafi verið unnt að víkja frá sameignarfyrirkomulagi um veiðirétt jarðarinnar með því að kveða á um það í afsalinu að veiðiréttur skyldi ekki fylgja eignarhlutanum. Þvert á móti hefðu formleg og lögumæt skipti þurft að fara fram á veiðiréttinum í samræmi við 4. gr. laga nr. 53/1957, en ljóst sé að afsalið hafi ekki falið í sér slík lögumæt skipti. Ákvæði afsalsins um aðskilnað veiðiréttarins sé því ógilt að lögum og að vettugi virðandi. Við afsal á umræddum 50% eignarhlut í jörðinni til föður stefnenda hafi því fylgt 50% af veiðirétti jarðarinnar í samræmi við þágildandi 4. gr.

laga nr. 53/1957, sbr. nú 8. gr. laga nr. 61/2006. Stefnendur hafi erfð þann hlut í veiðiréttindunum frá föður sínum. Af þessu leiði að stefnendur eigi veiðirétt fyrir jörðinni Lækjarskógi í óskiptri sameign með stefndu, í sömu eignarhlutföllum og jörðina sjálfa, enda hafi ekki farið fram skipti á sameign um veiðiréttinn í samræmi við fyrirmæli laga.

Enn fremur sé ljóst að aðskilnaður veiðiréttarins samkvæmt umræddu afsali frá 1960 fái ekki staðist að lögum í ljósi þágildandi ákvæða 4. og 5. mgr. 2. gr. laga nr. 53/1957, sem mælt hafi fyrir um bann við aðskilnaði veiðiréttar frá landareign, sbr. nú 9. gr. laga nr. 61/2006. Samkvæmt aðskilnaðarbanninu hafi verið óheimilt að skilja veiðirétt varanlega frá landareign, en heimilt hafi verið að ráðstafa stangveiði frá landareign til allt að 10 ára eða lengur með leyfi ráðherra. Yrði litið svo á að ákvæðið í afsalinu frá 1960, um að veiðiréttur væri undanskilinn við afsal á 50% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, væri gilt að lögum hefði það í för með sér að unnt væri að sneiða hjá aðskilnaðarbanninu með því að afsala til dæmis 99% eignarhlut í jörð en undanskilja allan veiðirétt við sölu, þannig að veiðiréttur myndi í reynd ekki lengur fylgja eignarhaldi á jörðinni. Slíkt fái augljóslega ekki staðist samkvæmt meginreglum lax- og silungsveiðilaga. Af þessu sé ljóst að 50% af veiðirétti Lækjarskógar hafi fylgt með við afsal á 50% eignarhlut í jörðinni til föður stefnenda árið 1960.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telji stefnendur að þeir séu, hvor um sig, eigendur að 28,58% af þeim veiðirétti sem jörðin Lækjarskógur á í Haukadalsá, í samræmi við eignarhlut þeirra í jörðinni sjálfri.

Þess skuli loks getið að sýslumaður hafi gert athugasemd í fasteignabók um að hlutföll veiðiréttinda Lækjarskógs yrðu afmáð úr þinglýsingabókum þar sem þau væru ranglega skráð í bókina og ættu sér ekki stað í fyrirbyggjandi skjölum. Þau hlutföll veiðiréttinda sem sýslumaður hafi afmáð úr fasteignabók í það sinn hafi verið í engu samræmi við eignarhlut eigenda í jörðinni sjálfri. Beri umrætt skjal skýrlega með sér að eignarhlutur stefnenda í veiðiréttindum jarðarinnar Lækjarskógar eigi að vera í samræmi við eignarhlut þeirra í jörðinni, þ.e. 28,58% en ekki 7,1429%.

III

Stefndu byggja á því að ekki hafi átt sér stað landskipti við sölu Guðbrands á helmingi jarðarinnar heldur hafi hún áfram verið ein heild í óskiptri sameign þeirra feðga. Með því að undirgangast skilmála afsals hafi eigendur jarðarinnar samið um að haga sameignarréttindum með þeim hætti að veiðiréttur jarðarinnar tilheyrði hluta Guðbrands. Með öðrum orðum hafi verið samið um skiptingu veiðiréttinda sem fylgt hafi jörðinni með framangreindum hætti. Guðbrandur og Magnús hafi verið bærir til þess að ráða hagsmunum sínum með þessum hætti með bindandi hætti.

Magnús Guðbrandsson hafi látist 10. febrúar 1968. Með yfirlýsingu, dags. 20. apríl 1968, hafi Guðbrandur staðfest að Magnús sonur sinn hefði að fullu greitt sér kaupverð ásamt vöxtum vegna „[...] kaupa á hálfri fasteigninni (að undanskildum veiðihlunnindum) Lækjarskógur í Laxárdalshreppi, með lokagreiðslu [...]“. Yfirlýsing þessi hafi verið færð í fasteignabók sýslumanns 22. október 1968. Ekki liggi fyrir samtímaheimildir um meðferð dánarbús Magnúsar utan yfirlýsingar sem dagsett sé ríflega 10 árum síðar. Af hálfu stefndu sé á því byggt að erfingjum Magnúsar Guðbrandssonar hafi verið ljósir skilmálar kaupa Magnúsar á helmingshlut í jörðinni Lækjarskógi af föður sínum, þ.m.t. um hlutdeild sameignarhlutar Magnúsar í hlunnindum jarðarinnar. Ekki hafi verið gerð breyting á fyrirkomulagi sameignarréttinda við andlát Magnúsar Guðbrandssonar.

Guðbrandur Guðmundsson hafi látist 7. febrúar 1978 og hafi bú hans verið tekið til einkaskipta, sbr. skiptayfirlýsingu, dags. 21. mars 1978. Börn Guðbrands sem hafi verið á lífi, en annars barnabörn hans, hafi notið erfðaréttar eftir hann. Eignum sem ráðstafað hafi verið í skiptum sé lýst svo í skiptayfirlýsingunni að um sé að ræða hálfa jörðina Lækjarskóg í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, „þó án ræktunar eða mannvirkja, svo og öll hlunnindi jarðarinnar, þ.e. veiðiréttur í ám og vötnum, eða sem hér segir“ og þar sé mælt fyrir um að erfingjarnir eignist landshlutann og hlunnindin í óskiptri sameign, en í hlutföllum, er að neðan greini:

„Sigrún Guðbrandsdóttir, Síðumúla 30, Reykjavík,	1/7 hl.
Kristín Guðbrandsdóttir, Mosgerði 14, Rvík.	1/7 hl.
Helga Guðbrandsdóttir, Sólheimum, Laxárdal, Dalas.	1/7 hl.
Guðmundur Guðbrandsson, Eyjabakka 12, Reykjavík,	1/7 hl.
Inga Guðbrandsdóttir, Hróðnýjarstöðum, Laxárdal, Dal.	1/7 hl.
Hilmar Guðbrandsson, Hraunbæ 132, Reykjavík,	1/7 hl.
Jón Heiðar Magnússon,	1/21 hl.
Georg Helgi Magnúson, Lækjarskógi, Laxárdalshr.	1/21 hl. og
Gunnar Magnússon, sama stað	1/21 hl.“

Síðan segi í skjalinu að erfingjarnir eignist hina erfðu eign með öllum sömu réttindum og skyldum og forveri þeirra hafi átt hana. Jafnframt taki erfingjarnir á sig hvers konar skyldur og kvaðir, sem á eigninni kunni að hvíla. Þess sé óskað að eignarhlut verði þinglýst á nöfn þeirra í framangreindum hlutföllum.

Allir erfingjar Guðbrands hafi undirritað skiptayfirlýsingu þessa eigin hendi, þar með taldir stefnendur. Fyrir liggi að stefnendur hafi erft hlutdeild móður sinnar og bróður í jörðinni, annars vegar í gegnum arf á eignarhlut Magnúsar og hins vegar með

arfi eftir afa stefnenda, Guðbrand. Þá hafi stefndu erftr eignarhluti sína úr hendi annarra erfingja Guðbrands, þeirra Sigrúnar, Kristínar, Helgu, Guðmundar, Ingu og Hilmars.

Af hálfu stefndu sé á því byggt að með sölu Guðbrandar Guðmundssonar á helmingi jarðarinnar Lækjarskógar til sonar hans, Magnúsar, á árinu 1960 hafi orðið til óskipt sameign þeirra feðga með skilmálum sem báðir hafi staðfest. Allir núverandi eigendur jarðarinnar, þ.e. aðilar þessa máls, leiði rétt sinn frá Guðbrandi og/eða Magnúsi og sé ljóst að þeim hafi öllum verið kunnugt um framangreinda skilmála sameignarinnar, í síðasta lagi við staðfestingu á skiptum eftir Guðbrand á árinu 1978. Hlutdeild aðila í jörð og hlunnindum hafi verið aðgreind um áratugaskeið á þeim grundvelli sem sameignarsamkomulag mæli fyrir um og finna megi í þinglýstum skjölum. Skattlagning hafi farið fram í samræmi við sameignarsamkomulagið og framkvæmd útgreiðslu á arðshlut eigenda jarðarinnar hafi um árabil tekið mið af því sama.

Þegar Guðbrandur hafi selt helming jarðarinnar til Magnúsar sonar síns hafi verið í gildi lög nr. 53/1957. Í 4. mgr. 2. gr. þeirra laga hafi komið fram að eigi mætti skilja veiðirétt við landareign. Ákvæði laganna, sem og síðari laga um sama efni, sem kveði á um að ekki megi skilja að land og veiðirétt, séu fortakslaus og hafi fallið dómar því til staðfestu.

Stefndu byggi á því að sala á helmingshlut Guðbrands til Magnúsar sonar hans hafi ekki falið í sér viðskilnað lands og veiðiréttar og komi ákvæði 2. gr. því ekki til álita í máli þessu. Ágreiningslaust sé að jörðin Lækjarskógur sé í óskiptri sameign aðila þessa máls, ef frá er skilinn afmarkaður óverulegur skiki undir frístundahús, og að allir aðilar málsins eigi hvort tveggja tiltekna hlutdeild í veiðirétti og tiltekna hlutdeild í landi, allt í samræmi við sameignarsamkomulag frá 1960. Öðrum eigendum lands eða veiðiréttar sé ekki til að dreifa þannig að stefnendur og stefndu fari með öll eignarráð lands og veiðiréttar. Með mismunandi skiptingu eignarhluta þessara eignarréttinda hafi þannig ekki verið skilið milli lands og veiðiréttar í skilningi laga um lax- og silungsveiði.

Að mati stefndu feli ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957 í sér heimild sameigenda til þess að skipa sjálfir málum sínum með þeim hætti sem Guðbrandur og sonur hans, Magnús, hafi komið sér saman um, annars vegar með því að sá sem teldist vanhaldinn þyrfti að krefjast skipta á veiði og hins vegar að því aðeins ætti mat að ráða ef menn skildi á um veiðiskipti. Ljóst sé að ákvæðið sé ekki fortakslaust heldur byggist á afstöðu sameigenda til réttinda sinna samkvæmt samkomulagi ef því er að skipta. Ákvæðið geri hins vegar ráð fyrir að skipta beri samkvæmt eignarhlutdeild, sé ekki samkomulag um annað.

Stefndu hafni sjónarmiðum stefnenda um að niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 566/2016 feli í sér aðra túlkun á umræddu lagaákvæði. Í dóminum séu aðfinnslur við

tiltekna landskiptagerð frá árinu 1939 og 1941 sem ekki hafi fylgt reglu 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1932, sem sé sambærileg reglu 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957. Að mati stefndu feli dómurinn í sér staðfestingu á túlkun þeirra á ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957. Þetta verði annars vegar ráðið af því að um formleg landskipti hafi þar verið að ræða, en ekki samkomulag eigenda. Hins vegar verði þetta ráðið af lokaorðum dómsins sem taki af tvímæli um að bærir aðilar hefðu síðar mátt gera breytingar á sameignarfyrirkomulaginu. Í tilviki Lækjarskógar hafi bærir aðilar komið sér saman um tilhögun sameignarréttinda eins og rakið sé hér að framan.

Á það sé bent að sambærileg ákvæði um veiðirétt í óskiptri sameign sé nú að finna í 8. gr. laga nr. 61/2006 og séu efnislega sambærileg og ákvæði 1. mgr. 4. gr. eldri laga nr. 53/1957. Enn sé að finna ákvæði um réttindi þess sem telji sig vanhaldinn af veiðirétti, og geti hann þá krafist skipta á veiði eftir nánari reglum. Vísað sé til þess að skorið skuli úr um skiptinguna með mati „náist samkomulag ekki“. Stefnendur hafi ekki kosið að fara þessa leið, sem lögin geri þó ráð fyrir ef ekki er fyrir hendi samkomulag.

Stefndu byggji á því að þau eigi þann rétt til lands og veiðiréttar samkvæmt fyrirkomulagi óskiptrar sameignar um jörðina Lækjarskóg í þeim hlutföllum sem gengið hafi til arfs eftir Guðbrand Guðmundsson og síðar börn hans. Stefnukrafan feli í sér eignaskerðingu eða eignaupptöku sem brjóti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þau lagafyrirmæli sem stefnendur byggji málalíbúnað sinn á feli ekki í sér heimild til þess að svipta stefndu sameignarréttindum tengdum Lækjarskógi.

Stefndu mótmæli öllum málsástæðum stefnenda. Þannig sé því sérstaklega mótmælt að ódagsett athugasemd sýslumanns í fasteignabók, feli í sér að eignarhlutföll séu önnur en miðað hafi verið við um árabíl. Fyrir liggi að eignarheimild stefnda Eyjólfssonar Ólafssonar, þ.e. afsal, dags. 23. október 2021, hafi verið innfærð án athugasemda en hún beri skýrlega með sér að honum sé afsalað 0,71% eignarréttar í landi jarðar en 1,43% í öðrum hluta sem sé veiðiréttur í Haukadalsá í Dölum.

IV

Ágreiningslaust er að stefnendur eiga hvor um sig 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, en jörðina eiga þeir í óskiptri sameign með stefndu. Stefnendur krefjast viðurkenningar á því að umfang veiðiréttar þeirra fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá teljist samsvarandi og eignarhlutdeild þeirra í jörðinni. Sem fyrr segir hafa þeir hingað til aðeins fengið greiddan arð af ánni sem svarar til 7,1429% eignarhlutar hvors þeirra um sig og er þar miðað við tilgreiningu á skráðum eignarhlut þeirra í lax- og silungsveiðiréttindum jarðarinnar samkvæmt fasteignaskrá. Sú skráning tekur mið af því að afsalið á 50% eignarhlut í jörðinni til föður stefnenda árið 1960 kvað á um að veiðiréttur væri undanskilinn kaupunum.

Bann við því að skilja rétt til fiskveiða í ám og vötnum frá landareign var fyrst lögleitt með 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Í 1. gr. laganna var landareign skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Fyrrgreint ákvæði 121. gr. vatnalaga var fellt úr gildi með lögum nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði en hliðstætt ákvæði tekið upp í 2. gr. síðarnefndu laganna. Frá þeim tíma og fram til gildistöku nágildandi laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði var efnislega samhljóða ákvæði um bann samkvæmt framansögðu í lögum um lax- og silungsveiði, sbr. ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 53/1957, en orðið landareign var ekki skilgreint þar sérstaklega. Aðdragandi bannsins í lögum og lögskýringargögn styðja þá niðurstöðu að við skýringu á ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 53/1957 beri að leggja til grundvallar þá merkingu orðsins landareign sem fram kom í 1. gr. vatnalaga en skilgreiningu þess var breytt með 1. gr. laga nr. 132/2011. Var framangreindu ákvæði laga nr. 53/1957 þannig ætlað að tryggja að réttur til veiða skyldi fylgja öðrum nytjum jarðar og að ábúandi, sem hefði önnur landsnot hennar, nyti veiðinnar einnig, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 3. mars 2016 í máli nr. 471/2015.

Stefnendur byggja sem fyrr segir á því að aðskilnaður veiðiréttarins frá 50% eignarhlut í jörðinni við afsal Guðbrands Guðmundssonar til föður þeirra, Magnúsar Guðbrandssonar, hafi bersýnilega verið ólögætur þar sem hann hafi farið í bága við þágildandi 4. gr. laga nr. 53/1957 og aðskilnaðarbann þágildandi 2. gr. sömu laga.

Stefndu hafna því ekki að jörðin Lækjarskógur teljist landareign í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 53/1957, en þess skal getið að í afsalinu, dags. 3. október 1960, var Magnús Guðbrandsson, faðir stefnenda, titlaður sem „bóndi að Lækjarskógi“, sbr. einnig áður nefnt byggingarbréf, dags. 11. júní 1955. Af þessu verður ráðið að aðskilnaðarbann 4. mgr. 2. gr. laga nr. 53/1957 gildi fullum fetum um jörðina. Við málflutning vísaði lögmaður stefndu meðal annars til dóms Hæstaréttar 15. október 2009 í máli nr. 553/2008. Sá dómur telst aftur á móti ekki sérstakt fordæmi við úrlausn málsins þar sem þar var um að ræða jörð sem ekki taldist landareign í skilningi þágildandi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Stóð því á þeim tíma ekkert í vegi fyrir því að lögum að unnt væri að selja spildu úr þeirri jörð sem til umfjöllunar var í því dómsmáli ásamt tilheyrandi veiðirétti í Apavatni.

Hvað sem framangreindu líður er ljóst að jörðinni Lækjarskógi hefur ekki verið skipt upp, þ.e. um er að ræða eina jörð sem er í óskiptri sameign málsaðila, eins og lögmennt staðfestu raunar við málflutning að væri óumdeilt. Hér kemur því til skoðunar sú regla 1. málslíðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957 að væri landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign væri öllum sameigendum veiði jafnheimil. Efnislega samhljóða ákvæði er nú að finna í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/2006. Áður var slíkt ákvæði að finna í lögum nr. 15/1923 auk þess sem fremur sambærilegt ákvæði var að finna í 56. kap. Landsleigubálks Jónsbókar.

Áður er rakið að upphaflega átti Guðbrandur Guðmundsson jörðina Lækjarskóg að öllu leyti. Með fyrrnefndu afsali Guðbrands til Magnúsar Guðbrandssonar, dags. 3. október 1960, stofnaðist til óskiptrar sameignar þeirra feðga. Við þessar aðstæður réðst veiðiréttur hvors þeirra um sig fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá því af ákvæði 1. málslíðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957. Skyldi þeim sem sameigendum vera slík veiði jafnheimil. Í samræmi við þetta reyndist sá hluti afsalsins sem miðaði við það að eignarhluta Magnúsar fylgdi enginn veiðiréttur að þessu leyti í andstöðu við lög. Verður ekki annað ráðið en að feðgarnir Guðbrandur og Magnús hafi ranglega talið að þeim væri heimilt að haga afsalinu með fyrrgreindum hætti. Ekki varð þó komist fram hjá umræddri lagareglu með þessu ákvæði afsalsins, sbr. dóm Hæstaréttar 30. mars 2017 í máli nr. 566/2016. Ber þegar af þeirri ástæðu að líta svo á að sá þáttur afsalsins hafi ekki gildi samkvæmt efni sínu og sé þar með að vettugi virðandi, enda telst ljóst að afsalið fól ekki í sér lögmæt skipti veiðiréttinda á grundvelli fyrirmæla 2. eða 3. málslíðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957. Ekki er því unnt að fallast á það með stefndu að með því að undirgangast skilmála afsals hafi eigendum jarðarinnar verið heimilt að semja um að haga sameignarréttindum með fyrrgreindum hætti. Við þessari niðurstöðu hróflar ekki undirritun stefnenda á skiptayfirlýsingu, dags. 21. mars 1978, í tengslum við skipti á dánarbúi afa þeirra, Guðbrands Guðmundssonar, enda eiga hér við sömu sjónarmið og áður eru rakin um verulega takmarkaðar heimildir eigenda óskiptrar sameignar til að semja um skipti veiðiréttar, en þær heimildir stóðu óbreyttar í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970 er skiptayfirlýsingin var undirrituð af stefnendum.

Framangreind niðurstaða um ólögmæti þess að undanskilja veiðiréttindi kaupunum byggist á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957, en hún fær auk þess stöð í markmiði laganna og samræmisskýringu, sbr. einkum hið svokallaða aðskilnaðarbann fyrrgreindrar 4. mgr. 2. gr. sömu laga. Hefur markmiðinu að baki því ákvæði enda verið veitt verulegt vægi í dómaframkvæmd þar sem reynt hefur á skýringu laga nr. 53/1957 og hliðstæðra lagareglna í öðrum lagabálkum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 3. mars 2016 í máli nr. 530/2015 og áður nefndan dóm réttarins í máli nr. 566/2016.

Af ákvæðum laga nr. 53/1957 verður þar með ráðið að löggjafinn kaus að takmarka verulega samningsfrelsi eigenda landareigna varðandi veiðirétt er féll undir lögina. Ekki verður fallist á það með stefndu að gengið hafi verið lengra í þeim efnunum en rúmast innan 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Að öllu framangreindu virtu teljast stefnendur hafa sýnt fram á að umfang veiðiréttar hvors þeirra um sig fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá sé í raun hið sama og eignarhlutdeild þeirra í jörðinni.

Í samræmi við þessa niðurstöðu ber að viðurkenna að stefnendur eigi, sem eigendur hvor um sig að 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, landeignanúmer

L137579 og fasteignanúmer F2117035, veiðirétt fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá í sama hlutfalli.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Af hálfu stefnenda flutti málið Guðrún Sólveig Sigríðardóttir lögmaður.

Af hálfu stefndu flutti málið Halldór Jónsson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennt er að stefnandinn Georg Helgi Magnússon eigi, sem eigandi að 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, landeignanúmer L137579 og fasteignanúmer F2117035, veiðirétt fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá í sama hlutfalli.

Viðurkennt er að stefnandinn Sigurður Gunnar Magnússon eigi, sem eigandi að 28,58% eignarhlut í jörðinni Lækjarskógi, landeignanúmer L137579 og fasteignanúmer F2117035, veiðirétt fyrir landi jarðarinnar í Haukadalsá í sama hlutfalli.

Málskostnaður fellur niður milli aðila.